

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands

Fundur 26. ágúst 2009

6. fundur

Mættir: Arnar Bill, Sigurður Þórir, Ómar, Jóhann, Þórir og Kristján.

1. Fundargerð síðasta fundar

Ekki lesin upp þar sem ritari var fjarverandi.

2. Ferð KBÍ til Kiev.

Ómar skrifar skýrslu um ferðina en Úlfar hefur nú þegar skilað skýrslu um faglega hlutann. Þurfum að komast að því hvers vegna við fengum ekki að klára námskeiðið í stað þess að fara snemma morguns síðasta daginn.

3. Árgjald

210 búnir að borga. Húfurnar eru tilbúnar og blaðið success in soccer í góðu ferli. Kemur fljótlega til landsins.

4. Lýðheilsustöð

Eru tilbúnir að styrkja okkur um 150.000 kr. með auglýsingu aftan á fréttablaði sem fyrirhugað er að senda út strax eftir aðalfund í nóvember sem að þessu sinni fer fram á föstudegi. Hugmynd að fá Íþróttaháskóla til að vinna verkefni fyrir okkur til að birta í fréttablaðinu. Þórir talar við Willum hjá HR og Arnar við Örn á Laugarvatni.

5. Bikarúrlitaráðstefna

Þórir talar við VISA varðandi styrk. Ákveðið að byrja ráðstefnurnar báðar kl. 10.00 með 1 ½ í fyrirlestra og síðan umfjöllun um leikinn fram til 12.30 en þá er matur. Stefnt að því að EM-kvenna verði til umfjöllunar á kvennaráðstefnunni. Siggi talar við Óla Jó um að halda 30. min fyrirlestur um árangur karlalandsliðsins í undankeppni EM. Kristján talar við grasafræðing sem hefur unnið ritgerð um vallarumhirðu og möguleika á lengra keppnistímabili á Íslandi. Arnar Bill talar við Þorlák um að ræða um samanburð á þjálfun drengja og stúlkna.

6. Ferðir

Fyrirhugað að send tvo fulltrúa á ráðstefnu evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins í Hvíta Rússlandi í október (ef fargjald er innan skynsamlegra marka) og tvo fulltrúa til Noregs á bikarúrlitaráðstefnu þar í landi. Athugað með kostnað ferðarinnar til Hvíta Rússlands og síðan í kjölfarið ákveðið hverjir fara hvert.

7. Önnur mál

Ræða við KSÍ um að fá nöfn, netfang og kennitölur þeirra sem skrá sig á KSÍ I en þeir fá frítt fyrsta árið í KBÍ. Ef einhverjir vilja kaupa aðgang að þjálfaralista félagsins þá seljum við hann á a.m.k. 150.000 og þeir sem kaupa verða að hafa eitthvað fram að færa sem tengist knattspyrnuþjálfun.

Búið er að tala við alla þjálfara sem sagt hefur verið upp störfum nema Marko Tanasic.

Arnar Bill (í boði N1)